

Ed.

731. Nefndarálit

[59. mál]

um frv. til l. um vinnumiðlun.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur klotnað um málið. Meiri hluti nefndarinnar telur eðlilegt, að ríkisstjórnin geti ákveðið, að vinnumiðlunarskrifstofa starfi í kaupstað um lengri eða skemmri tíma, ef hún telur þess þörf með tilliti til hins almenna atvinnu-ástands í landinu, enda þótt bæjarstjórn hafi ekki ákveðið að svo skuli vera. Samkvæmt gildandi lögum er það nú á valdi ráðherra að ákveða þetta, og á sama hátt ber ráðherra að fylgjast með starfi vinnumiðlunarskrifstofa og gæta þess, að starfsemin nái tilgangi sínum og fyllstu hagsýni sé gætt. Ekki verður annað séð en að ráðherra geti einnig ákveðið að leggja niður vinnumiðlunarskrifstofur, ef bæjarstjórnir óska ekki eftir, að þær starfi áfram, og hann álitur, að ekki séu nægileg verkefni fyrir slíka stofnun.

Með tilliti til þessa og með tilliti til þeirra hagsmuna, sem ríkisvaldið hefur að gæta í sambandi við hagnýtingu og tilfærslu vinnuafis í landinu, telur meiri hl. ekki heppilegt, að ríkisstjórnin sé útilokuð frá þeim ihlutunarrétti, sem hún hefur samkvæmt núgildandi lögum um þessi mál, en telur hins vegar sjálfsagt vegna hins aukna kostnaðar, sem starfræksla vinnumiðlunarskrifstofanna hefur haft í för með sér, að athugun fari fram á rekstri þeirra og að þeirri athugun lokinni séu teknar þær ákvarðanir um framtíðarstarfið, sem heppilegar þykja.

Fyrir því leggur meiri hlutinn til, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem deildin lítur svo á, að nauðsynlegt sé, að ríkisstjórnin hafi áfram heimild til þess að kveða á um stofnun og starfrækslu vinnumiðlunarskrifstofu í kaupstöðum landsins, og í trausti þess, að ráðherra láti fara fram athugun á starfsemi vinnumiðlunarskrifstofa, sem nú eru starfandi, og geri þær breytingar á vinnumiðlunarstarfseminni, sem sú athugun gefur tilefni til, telur deildin ekki ástæðu til að afgreiða frumvarpið, en tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 23. febrúar 1951.

Rannveig Þorsteinsdóttir,
form., frsm.

H. Guðmundsson.

F. R. Valdimarsson.